

Landspítalanum, 26. nóvember 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn (þskj. 129 – 116. mál)**

Læknaráð Landspítala þakkar fyrir að fá þetta lagafrumvarp sent til umsagnar. Við vísum jafnframt til fyrri umsagnar okkar um frumvarp sama efnis sem lagt var fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2008-2009, en hlaut ekki afgreiðslu þá. Umsögn læknaráðsins nú er því efnislega samhljóða fyrri umsögn okkar. Verði þetta frumvarp að lögum mun það leiða til þess að læknaög (lög nr. 53/1988) falla úr gildi.

**Almennt um frumvarpið og gildandi læknaög:**

Læknaráð Landspítala telur það bæði óheppilegt og ónauðsynlegt að afnema læknaög (lög nr. 53/1988) en í þeim er ágæt grein gerð fyrir ábyrgð, skyldum og réttindum. Læknar gegna lykilhlutverki í heilbrigðiskerfinu þar sem þeir bera ábyrgð á greiningu, meðferð og eftirliti sjúklunga og langstærstur hluti heilbrigðisútgjalda fellur til vegna ákvarðana sem læknar taka. Læknaög frá árinu 1988 eru mun afdráttarlausari hvað varðar skyldur lækna við sjúklunga sína en hið nýja frumvarp. Þannig telur læknaráðið að hagsmunum sjúklunga sé betur borgið með sértækum lögum um lækna heldur en með rammalöggjöf sem tekur til 33 ólíkra starfsstétta, sem sumar hverjar hafa litla aðkomu að hefðbundinni læknisfræðilegri greiningu og meðferð.

Læknaráð Landspítala hefur hins vegar skilning á því að löggjafinn og stjórnkerfið geti talið skynsamlegt að hafa einhvers konar rammalöggjöf sem taki til ýmissa fámennra löggiltra heilbrigðisstétta. Öðru máli gegnir um stórar heilbrigðisstéttir sem gegna lykilhlutverki í heilbrigðiskerfinu, má þar t.d. nefna lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Hvað lækna varðar þá má geta þess að samkvæmt læknaskrá landlæknis voru hinn 9. nóvember síðastliðinn skráðir 2086 læknar, annaðhvort með almennt lækningaleyfi eða með sérfræðileyfi. Líklegt er að meira en helmingur þeirra sé á hverjum tíma starfandi á Íslandi. Hér eftir sem hingað til er heppilegt að um slíka hópa gildi sérlög, enda hafa læknaög staðist tímans tönn ágætlega og um þau hefur ekki ríkt ágreiningur.

Þess má einnig geta að í núgildandi læknaögum er kafli um skottulækningar þar sem þær eru afdráttarlaust bannaðar hér á landi. Þetta verður að teljast afar mikilvægt vegna sívaxandi framboðs af efnunum og “meðferðum” sem ýmsir ófaglærðir aðilar bjóða fram. Stundum er slíkt eingöngu af góðum huga gert til að líkna sjúkum og lina þjáningar, í öðrum tilvikum virðist vera um hreina fjárplógsstarfsemi að ræða og stundum er um skaðleg efni eða “meðferð” að ræða. Það er afar mikilvægt að löggjafinn haldi vöku sinni í þessum efnunum og spyrni við fótum þegar sjúkt fólk sem illa getur borið hönd fyrir höfuð sér er gert að féþúfu.

## Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

### 13. grein – Faglegar kröfur


Það er algengt að fleiri en ein starfsstétt komi að meðhöndlun sama sjúklings, ýmist vegna eðlis meinsins eða þess að um mörg vandamál er að ræða. Í núgildandi læknalögum (lög nr. 53/1988) segir að “Læknir ber ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur til umsjónar”. Þannig er það afdráttarlaust að læknirinn ber heildarábyrgð á því að sjúklingurinn fái viðunandi úrlausn sinna vandamála.

Í 3. málsgrein 13. greinar hins nýja lagafrumvarps segir hins vegar svo um þetta atriði “Heilbrigðisstarfsmaður ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita”. Þarna er ábyrgðinni skipt niður á mismunandi aðila, sem getur verið óheppilegt t.d. ef meðferð gengur að einhverju leyti ekki eins og búist hafði verið við eða ágreiningur rís um það hvaða úrlausn sé best fyrir sjúklinginn. Það eru tvímælalaust hagsmunir sjúklinga að heildarábyrgðin sé á einni hendi, þ.e. hjá læknum eins og verið hefur. Læknaráðið er því andvíg þessari breytingu og telur hagsmuni sjúklinga best tryggða með ákvæði núgildandi læknalaga.

### Lokaorð:

Það er afstaða lækningaráðs Landspítala að læknalög nr. 53/1988 hafi í öllum aðalatriðum reynst vel og réttinda og hagsmuna sjúklinga sé betur gætt með þeim heldur en með hinu nýja frumvarpi. Læknaráðið leggst hins vegar ekki gegn því að einhvers konar rammalöggjöf verði sett sem taki til ýmissa annarra löggiltra heilbrigðisstétta en lækna.

Með bestu kveðju



Þorbjörn Jónsson, læknir

formaður lækningaráðs Landspítala

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA